



Nefndasvið Alþingis
Félagsmálnefnd
Þórshamri
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2000.

Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof, 623. mál

Alþýðusamband Íslands fagnar því frumvarpi sem nú hefur verið lagt fram á Alþingi um l. fæðingar- og foreldraorlof. Jafnframt vill Alþýðusambandið taka fram að fulltrúar ríkisstjórnarinnar áttu ágætt samstarf við fulltrúa ASÍ við undirbúning frumvarpsins, einkum félagsmálaráðherra og starfsmanna félagsmálaráðuneytisins. Miklu skiptir að ný löggjöf um fæðingar- og foreldraorlof verði afgreitt á yfirstandandi þingi og að þær réttarbætur sem þar er að finna komi sem fyrst til framkvæmda.

Með fyrirbyggjandi frumvarpi er í flestum aðalatriðum komið verulega til móts við þær áherslur sem Alþýðusambandið hefur sett fram um heildstætt réttindakerfi fyrir foreldra og börn þeirra.

Að mati Alþýðusambandsins tekur frumvarpið á fjórum meginatriðum eins og það snýr að foreldrum á almenna vinnumarkaðinum. Í öllum tilfellum er um að ræða mikilvægar réttarbætur.

Í fyrsta lagi eru réttindi þungaðar kvenna og kvenna sem eru með börn á brjósti treyst til muna frá því sem nú er. Í frumvarpinu hefur verið tekið tillit til allra athugasemda sem ASÍ gerði varðandi gildistöku tilskipunar ESB nr. 92/85 hér á landi. Með samþykkt frumvarpsins eru réttindi þungaðra kvenna og kvenna með börn á brjósti treyst og verða í samræmi við það sem gerist í nágrannalöndum okkar.

Í öðru lagi er í mikilvægum atriðum komið til móts við sjónarmið Alþýðusambandsins hvað varðar lengd, mögulegan sveigjanleika og greiðslur til launafólks í fæðingarorlofi. Hér er að finna mikilvægustu einstöku breytinguna sem leiða mun af frumvarpinu, verði það að lögum.

Í þriðja lagi er öllum foreldrum tryggður réttur til töku foreldraorlofs, í þrjá mánuði hvoru, að viðbættu hefðbundnu fæðingarorlofi. Foreldraorlofið er algera nýjung hér á landi en til grundvallar liggur skylda stjórnvalda og Alþingis til að lögleiða Evróputilskipun þessa efnis. Eins og fram hefur komið er tilskipunin um foreldraorlof árangur af starfi evrópskrar verkalyðshreyfingar og samningum um þetta efni á Evrópuvettvangi sem Alþýðusamband Íslands átti þátt í að gera á árinu 1995.

Í fjórða lagi er í frumvarpinu tekið á ýmsum réttindamálum er varða foreldra í fæðingar- og foreldraorlofi og réttarstaða launafólks gerð skýrari en nú er.

Auk þess sem að framan segir er með frumvarpinu stefnt að einni löggjöf fyrir alla foreldra á vinnumarkaði. Með því er stigið mikilvægt skref í því að jafna réttindi foreldra og barna þeirra óháð því hvort þeir starfa á almennum vinnumarkaði eða hjá hinu opinbera eða eftir stéttarfélagasáðild.

Alþýðusamband Íslands ítrekar stuðning sinn við öll meginatriði frumvarpsins, eins og þau hafa hér verið dregin fram og telur efni frumvarpsins og þá framsetningu sem þar er að finna vel viðunandi í öllum aðalatriðum, þótt að eðli málsins samkvæmt megi alltaf deila um einstaka efnisþætti og framsetningu þeirra.

Í ljósi þess sem að framan segir vill Alþýðusambandið benda á eftirfarandi atriði er varða efni frumvarpsins.

Athugasemdir og ábendingar.

Fjármögnun á kostnaðarauka.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að Fæðingarorlofssjóður verði fjármagnaður með hluta af tryggingagjaldi, 0,85% af gjaldstofni. Til að svo megi verða er gert ráð fyrir að 0,35% af gjaldstofni verði fluttur frá atvinnutryggingagjaldi til almenna tryggingagjaldsins og þaðan í Fæðingarorlofssjóð.

Ljóst er að þessi aðgerð felur í sér mjög umtalsverða skerðingu atvinnutryggingagjalds, eða sem nemur rúmum 30%. Með þessu er verið að veikja Atvinnuleysistryggingasjóð umtalsvert og gera hann verr í stakk búinn til að sinna hlutverki sínu á samdráttartímum. Jafnframt er ljóst að í samdrætti mun kostnaðurinn vegna þeirra auknu réttinda sem frumvarpið gerir ráð fyrir koma fram með mjög auknum þunga, vegna breytinga á gjaldstofni tryggingagjaldsins. Þannig má í reynd segja að með þeirri leið sem valin er í frumvarpinu sé verið að ávísa á aukinn vanda ríkissjóðs komi til samdráttar í efnahagslífinu.

Að mati Alþýðusambandsins hefði átt að nýta hagstæð skilyrði í efnahagslífinu nú til að skapa traustar fjárhagslegar forsendur til framtíðar. Í þessu ljósi hefði verið eðlilegt að hækka tryggingagjaldið til að fjármagna breytingarnar nú eða leita annarra leiða sem skiluðu sambærilegum árangri.

Skilgreining á hugtakinu „starfsmaður“

Í stað þess sem segir í 7. gr. frumvarpsins „...í a.m.k. 25% starfshlutfalli í hverjum mánuði“, er lagt til að komi: „...að jafnaði í a.m.k. 25% starfi á viðmiðunartímabilin skv. 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins“.

Ljóst er að orðalag frumvarpsins er verulega mikið þrengra en það sem lagt er til hér. Þannig gæti frumvarpið leitt til þess að starfsfólk sem er í störfum sem einkennast af sveiflum af ýmsu tagi eigi ekki rétt til fæðingarorlofs greiðslna á grundvelli 13. gr. frumvarpsins. Dæmi um slíka starfsmenn væru hluti þeirra sem starfa við ýmis konar fjarvinnslu og í ferðamannaíðnaði, einkum konur. Þá gefur hugtakið „starfshlutfall“ til kynna að um sé að ræða fast (umsamið) starfshlutfall.

Að lokum vill Alþýðusambandið ítreka mikilvægi þess að fyrirliggjandi frumvarp um fæðingar- og foreldraorlof verði afgreitt á yfirstandandi þingi.

Virðingarfyllst,
F.h. Alþýðusambands Íslands


Halldór Grönvold,
skrifstofustjóri ASÍ.

Hjálagt fylgir til frekari upplýsingar greinargerð um efni frumvarpsins og afstöðu Alþýðusambandsins til efnis þess „ Mikilvægar réttarbætur fyrir foreldra á vinnumarkaði“.

Mikilvægar réttarbætur fyrir foreldra á vinnumarkaði

Ríkisstjórnin hefur nú lagt fram á Alþingi frumvarp að nýjum lögum um fæðingar- og foreldraorlof og kynnt að stjórnarflokkarnir mundu beita sér fyrir afgreiðslu þess á yfirstandandi þingi. Óhætt er að fullyrða að frumvarpið felur í sér margháttaðar réttarbætur fyrir þungaðar konur og foreldra á vinnumarkaði.

Segja má að frumvarp ríkisstjórnarinnar feli í sér fjögur meginatriði eins og það snýr að foreldrum á almenna vinnumarkaðinum. Í fyrsta lagi eru réttindi þungaðar kvenna og kvenna sem eru með börn á brjósti treyst til muna frá því sem nú er. Í öðru lagi er orðið við kröfum verkalýðshreyfingarinnar í mikilvægum atriðum hvað varðar lengd, mögulegan sveigjanleika og greiðslur í fæðingarorlofi. Í þriðja lagi er öllum foreldrum tryggður réttur til töku foreldraorlofs, að viðbættu hefðbundnu fæðingarorlofi. Í fjórða lagi er síðan tekið á ýmsum réttindamálum er varða foreldra í fæðingar og foreldraorlofi. Hér á eftir verða gerð frekari grein fyrir hverjum þessara 4 þátta frumvarpsins.

Miklu skiptir að ný lögjöf um fæðingar- og foreldraorlof verði afgreitt á yfirstandandi þingi og að þær réttarbætur sem þar er að finna komi sem fyrst til framkvæmda.

Barátta verkalýðshreyfingarinnar skilar árangri

Rétt er að hafa í huga að frumvarp ríkisstjórnarinnar nú fellur ekki af himnum ofan. Ljóst er að frumkvæði verkalýðshreyfingarinnar, einkum Alþýðusambandsins, hefur átt mikilvægan þátt í að efla umræðuna um nauðsyn á réttarbótum til foreldra á vinnumarkaði. Sama gildir um vaxandi áherslu forystu verkalýðshreyfingarinnar á mikilvægi framsækinna fjölskyldustefnu á vinnumarkaði og ákvæði í þeim efnum sem náðst hafa í kjarasamninga sem gerðir hafa verið á síðustu mánuðum. Þetta er í fullu samræmi við áherslur Alþýðusambands Íslands sem hefur síðustu misseri beitt sér sérstaklega fyrir úrbótum í réttindamálum foreldra og þungaðra kvenna á vinnumarkaði og sett fram heildstæða stefnu á því sviði.

Réttindamál foreldra voru meðal þess sem Alþýðusambandinu var falið að ræða sérstaklega við stjórnvöld í tengslum við gerð kjarasamninga nú. Í framhaldi af kröfu ASÍ var í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 10. mars sí. heitið endurbótum í þessum málaflokki. Líta ber á frumvarp ríkisstjórnarinnar nú sem efndir ríkisstjórnarinnar á þessu loforði hennar. Þar er í öllum atriðum komið verulega til móts við sjónarmið og áherslur Alþýðusambandsins og aðildarsamtaka þess. Það er mikilvægur áfangi í þá átt að bæta réttindi þungaðra kvenna, foreldra á vinnumarkaði og barna þeirra. Jafnframt liggur fyrir að gera má enn betur á næstu árum.

Réttindi þungaðra kvenna og kvenna með barn á brjósti treyst

Af hálfu verkalýðshreyfingarinnar hefur undanfarið verið lögð rík áhersla á að treysta réttarstöðu þungaðra kvenna á vinnumarkaði. Tilskipun Evrópusambandsins nr. 92/85 um réttindi þungaðra kvenna og kvenna með börn á brjósti er ætlað að tryggja tiltekin lágmarksréttindi í þessum efnum á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Því voru bundnar miklar vonir við að lögleiðing hennar hér á landi mundi fela í sér verulegar réttarbætur. Gildistaka tilskipunarinnar hér á landi var hins vegar ófullnægjandi og því kærði Alþýðusambandið hana á síðasta ári til Eftirlitsstofnunar EFTA.

Í því frumvarpi sem nú hefur verið kynnt hefur ríkisstjórnin tekið að fullu tillit til kæruefna og athugasemda ASÍ. Með samþykkt frumvarpsins eru réttindi þungaðra kvenna og kvenna með börn á brjósti treyst og verða í samræmi við það sem gerist í nágrannaiöndum okkar.

Með frumvarpinu eru áréttáðar skyldur atvinnurekenda til að meta eða láta fara fram mat á mögulegum áhættuþáttum varðandi vinnuaðstæður og skipulag vinnunnar með tilliti til öryggis og heilbrigðis þungaðra starfsmanna og til að bregðast við með viðeigandi hætti, eftir því sem þörf krefur. Viðeigandi ráðstafanir geta falið í sér breytingar á vinnuaðstæðum eða starfi, þar með talið á vinnutíma, eða tilflutningur í annað starf verði nauðsynlegum breytingum ekki komið við. Í frumvarpinu er skýrt

kveðið á um að slíkar ráðstafanir megi ekki leiða til skerðingar á launum eða öðrum starfskjörum.

Verði hvorki komið við breytingum á starfi eða tilflutningi í annað starf sem hæfir hinum þungaða starfsmanni, skal hann fá leyfi frá störfum meðan öryggi hans og heilsa krefjast slíks. Samkvæmt frumvarpi ríkisstjórnarinnar öðlast viðkomandi þá rétt til greiðslu fæðingarorlofs samkvæmt þeim reglum sem um það gilda án þess að skerða rétti til fæðingarorlofs að öðru leyti.

Loks ber að geta þess að réttur þungaðra kvenna til greiðslu fæðingarorlofs veikist þær á meðgöngu er rýmkaður frá því sem nú er.

Launafólk og samtök þess hljóta að fagnar þessum réttarbótum sérstaklega.

Lengra og sveigjanlegra fæðingarorlof tengt tekjum

Af hálfu verkalyðshreyfingarinnar hefur verið lögð megináhersla á að auka rétt beggja foreldra, lengja fæðingarorlofið, að greiðslur í fæðingarorlofi verði ákvarðaðar sem hlutfall af heildarlaunum og að möguleikar foreldra á sveigjanleika við töku orlofsins verði auknir verulaga, auk þess sem réttindi foreldra í fæðingarorlofi verði treyst.

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar er komið til móts við þessar áherslur með afdráttarlausum hætti. Kveðið er á um rétt til töku fæðingarorlofs vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur. Fæðingarorlofið verður 9 mánuðir þegar löggin eru að fullu komin til framkvæmda, 3 mánuðir bundnir móður, 3 mánuðir bundnir föður, og þrjú mánuði geta foreldrar ráðstafað sín á milli að vild. Gert er ráð fyrir því að lengingin komi til framkvæmda í áföngum á næstu 3 árum.

Með þessu fyrirkomulagi fæðingarorlofs er stigið róttækt skref í að jafna rétt foreldra til fæðingarorlofs um leið og vonir standa til að þessi ráðstöfun leiði til jafnari stöðu og jafnari möguleika kynjanna á vinnumarkaði. Körlum er gert mögulegt að axla meiri ábyrgð á börnum og heimili og atvinnurekendur eiga síður að geta gengið að því vísu, eins og nú er, að konurnar beri jafnan ábyrgð á og annist börnin en karlarnir taki yfirleitt starfið fram yfir fjölskylduábyrgðina.

Sveigjanleikinn er aukinn og gert er ráð fyrir því að foreldrar geta tekið fæðingarorlofið í einu lagi eða tekið það í áföngum og/eða samhliða skertu starfshlutfalli. Þessi sveigjanleiki er eitt af því sem ASÍ lagði sérstaka áherslu á. Fæðingarorlof má nýta allt til 18 mánaða aldurs barnsins og lengur ef um er að ræða ættleiðingu eða varanlegt fóstur.

Frumvarpinu gerir ráð fyrir að greiðslur í fæðingarorlofi miðist við 80% af heildarlaunum. Þetta þýðir mjög mikla réttarbót fyrir þorra foreldra á almennum vinnumarkaði frá því sem nú er um leið og tryggt er að enginn tapi á frá því sem nú er.

Síðast en ekki síst er mikilvægt að launafólk heldur áfram að ávinna sér öll réttindi á vinnumarkaði meðan á orlofstökunni stendur. Þannig mun fæðingarorlofssjóður t.d. greiða 6% mótframlag í lífeyrissjóð í fæðingarorlofi.

Réttur til foreldraorlof viðurkenndur

Í frumvarpi ríkisstjórnarinnar kveðið á um rétt foreldra til töku foreldraorlofs, í allt að 13 vikur fyrir hvort foreldri, vegna fæðingar, frumættleiðingar eða töku barns í varanlegt fóstur, að viðbættu hefðbundnu fæðingarorlofi. Foreldraorlofið verður hægt að taka allt til átta ára aldurs barnsins. Samkvæmt frumvarpinu fylgir réttinum til töku foreldraorlofs ekki réttur til greiðslu meðan á orlofstökunni stendur.

Foreldraorlofið er algera nýjung hér á landi en til grundvallar liggur skylda stjórnvalda og Alþingis til að lögleiða Evróputilskipun þessa efnis.

Eins og ítrekað hefur komið fram er tilskipunin um foreldraorlof árangur af starfi evrópskrar verkalyðshreyfingar og samningum um þetta efni á Evrópuvettvangi sem Alþýðusamband Íslands átti þátt í að gera á árinu 1995.

Í reynd verður sameiginlegu réttur foreldra til orlofstöku vegna fæðingar- og foreldraorlofsins þannig 15 mánuðir vegna barns, í stað 6 mánaða nú. Af því er með frumvarpinu aðeins tryggtur réttur til greiðslu í 9 mánuði.

Verkalýðshreyfingin hefði kosið að frumvarpið tryggði foreldrum einnig rétt til greiðslu í foreldraorlofi og hefur haldið því sjónarmiði til haga í allri umræðu. Það náðist hins vegar ekki fram að þessu sinni, en hlýtur að vera sjálfsagt næsta skref í frekari úrbótum á réttindakerfi fyrir foreldra á vinnumarkaði og börn þeirra.

Bætt réttarstaða – samræmd réttindi

Mikilvægur þáttur í frumvarpi ríkisstjórnarinnar um fæðingar- og foreldraorlof er að með því er réttarstaða þungaðra kvenna og foreldra í fæðingar- og foreldraorlofi að ýmsu leyti treyst frá því sem nú er.

Gengið er út frá að þessir aðilar haldi áfram að ávinna sér ýmis réttindi sem tengjast starfsaldri, s.s. lengingu á veikinda-, orlofs- og uppsagnarrétti. Sama gildir um lífeyrisréttindi. Þá ávinnur foreldri sér rétt til töku orlofs meðan á fæðingar- og foreldraorlofi stendur, en þó án réttar til greiðslu. Þá er vernd foreldra gegn uppsögnum tengd töku fæðingar- og foreldraorlofs treyst enn frekar en nú er.

Auk þess sem að framan segir er með frumvarpinu stefnt að einni löggjöf fyrir alla foreldra á vinnumarkaði. Með því er stigið mikilvægt skref í því að jafna réttindi foreldra og barna þeirra óháð því hvort þeir starfa á almennum vinnumarkaði eða hjá hinu opinbera eða stéttarfélagsaðild. Mikilvægt er að þessu markmiði verði náð enda með öilu óásættanlegt að stjórnvöld mismuni þegnum á grundvelli gamallar skiptingar launafólks í opinbera embættismenn og almennt launafólk.

Að lokum skal áréttað að frumvarpið er mikilvægum áfanga í að bæta rétt foreldra á almennum vinnumarkaði og barna þeirra verði efni þess að lögum. Þar með er ekki sagt að frumvarpið sé gailalaust.

Halldór Grönvold, skrifstofustjóri ASÍ

